



168. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 19. nóvember 2009 og hófst kl. 16:15.

Mættir: Ólafur Rafnsson forseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Helga Steinunn Guðmundsdóttir ritari, Hafsteinn Pálsson, Helga H. Magnúsdóttir, Friðrik Einarsson, Örn Andrésson, Sigríður Jónsdóttir, Jón Gestur Viggósson, Helgi Sigurðsson, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir 1. varamaður, og Gústaf A. Hjaltason 3. varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Forföll boðuðu: Lárus Blöndal varaforseti og Þorgrímur Þráinsson 2. varamaður.

Þetta gerðist:

1. Ólympísk verkefni

Farið var yfir stöðu mála varðandi Vancouver 2010, YOG 2010 og London 2012. Vísað í skýrslu Afrekssviðs sem lá fyrir fundinum.

2. Fjárlagafrumvarp 2010

Forseti fór yfir stöðu mála varðandi fjárlagafrumvarp til Alþingis. Hann skýrði frá fundi sem hann og framkvæmdastjóri áttu með menntamálanefnd Alþingis og fjárlaganefnd Alþingis. Rætt um mikilvægi þess að fá lagfæringu á þeim skerðingum sem íþróttahreyfingin stendur frammi fyrir í þessu fjárlagafrumvarpi en t.d. er 33 milljóna skerðing á Ferðasjóði íþróttafélaga og liðurinn Ólympísk verkefni hefur verið felldur út. Fundarmenn hvattir til að leggja sitt af mörkum við að upplýsa þingmenn um mikilvægi starfs íþróttahreyfingarinnar og afleiðingar þess ef hreyfingin verður fyrir miklum niðurskurði á fjárlögum.

3. Formannafundur

Formannafundur ÍSÍ verður haldinn á morgun, 20. nóvember og hefst kl. 16:30. Óformlegur fundur héraðssambanda og íþróttabandalaga verður haldinn á undan eða kl. 14:00. Það verða samböndin sjálf sem stýra dagskrá fundarins.

Forseti skýrði frá afar vel heppnuðum fundi með formönnum stærstu fjölgreinafélaga á höfuðborgarsvæðinu sem haldinn var 17. nóvember sl. í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Íþróttahreyfingin virðist hafa brugðist skjótt við breyttum aðstæðum í þjóðfélaginu og mætt breyttum rekstrargrundvelli af ábyrgð og festu.

4. Íþróttamaður ársins

Sameiginlegt hóf ÍSÍ og Samtaka íþróttafréttamanna um Íþróttamann ársins 2009 og íþróttamenn og íþróttakonur sérsambanda ÍSÍ verður haldið á Grand Hótel þriðjudaginn 5. janúar 2010.

5. Heiðranir

Samþykkt að heiðra *Albert Eymundsson* íþróttaförystumann á Höfn í Hornafirði með Gullmerki ÍSÍ. Forseti ÍSÍ mun sækja 75 ára afmælishóf Umf. Sindra á Höfn 5. desember nk. og afhenda merkið.

Samþykkt að heiðra *Engilbert Olgeirsson*, framkvæmdastjóra HSK og fyrrverandi stjórnarmann ÍSÍ með Gullmerki ÍSÍ. Merkið verður afhent við fyrsta hentuga tækifæri.

6. Fyrirmyndarfélög ÍSÍ

Sigríður Jónsdóttir formaður Fræðslusviðs afhenti sjö deildum KR og félaginu í heild viðurkenningu sem Fyrirmyndardeildir og Fyrirmyndarfélag ÍSÍ. Forseti og framkvæmdastjóri voru einnig viðstödd afhendinguna.

Búið er að ná þeim áfanga að afhenda 100. viðurkenningu verkefnisins Fyrirmyndarfélag ÍSÍ.

Tvö félög til viðbótar eru í farvatninu.

7. Knattspyrnusamband Íslands

Rætt um málefni Knattspyrnusambands Íslands varðandi atvik tengdu fjármálastjóra sambandsins í Zürich árið 2005. ÍSÍ hefur kallað eftir greinargerð frá KSÍ um málið. Rætt almennt um siðareglur í íþróttahreyfingunni.

8. Sjálfbóðaliðar

Forseti skýrði frá því að gengið hefði verið frá samningi við Vinnumálastofnun um samstarfsverkefni í tengslum við sjálfbóðaliða í íþróttahreyfingunni. Búið er að ráða Hannes S. Jónsson í sex mánaða verkefni sem miðar að því að finna verkefni í íþróttahreyfingunni fyrir fólk á atvinnuleysissskrá. Vinnumálastofnun styrkir verkefnið.

9. Fundargerðir

Eftirtaldar fundargerðir lagðar fram og samþykktar:

- 167. fundur framkvæmdastjórnar
- Framkvæmdaráðs frá 5.11.2009
- Almenningsíþróttasviðs frá 22.10.2009
- Afrekssviðs frá 17.11.2009
- Afrekssjóðs frá 29.10.2009
- Heilbrigðisráðs frá 11.11.2009
- Heiðursráðs frá 16.11.2009

Formaður fylgdi fundargerðinni eftir og skýrði frá helstu tillögum Heiðursráðs að breytingum á Reglugerð ÍSÍ um heiðursveitingar.

- 6., 7. og 8. fundar Íslenskra getrauna
- 552., 553. og 554. fundar Íslenskrar getspar
- Samstarfshópur Göngum í skólann, 12.11.2009
- SÍÓ frá 20.10.2009
- Laganefndar frá 10.11.2009

Til viðbótar við fundargerðina var samþykkt tillaga formanns Laganefndar að úrbótum á lögum Golfklúbbs Byggðarholts sem sótt hefur um aðild að UÍA.

- Fjármálaráðs frá 27.10.2009

Nokkrar umræður urðu um einstaka liði í fundargerðum.

10. Viðburðir framundan

Farið yfir mönnun á þá viðburði sem framundan eru.

Fram að næsta fundi:

- Formannafundur ÍSÍ 20. nóvember 2009
- Ársþing GSÍ 21. nóvember 2009 – **Forseti og fleiri sækja.**
- Árshátíð Akstursíþróttanefndar ÍSÍ 21. nóvember 2009
- Ráðstefna Félags íþróttta-, æskulýðs- og tómstundafulltrúa 24.nóv. – **Forseti og framkvæmdastjóri mæta.**
- Undirbúningsfundur vegna barna- og unglingaráðstefna, 26. nóv. – **Sviðsstjóri Fræðsluviðs sækir.**
- Ráðstefna Peace and Sport í Mónakó 25.-27. nóv. – **ÍSÍ sendir ekki fulltrúa.**
- Fræðslukvöld ÍSÍ um siðfræði og forvarnir –, 26. nóv.
- Hádegisfundur um ungt fólk 2009, 27. nóv.
- Aðalfundur EOC í Lissabon, 27.-28.nóvember – **Forseti, varaforseti, framkvæmdastjóri og Stefán Konráðsson sækja.**
- Pre-DRM fundur vegna VANOC, 29. nóv. í Frankfurt – **Framkvæmdastjóri og sviðsstjóri Afrekssviðs sækja.**
- 75 ára afmælishátíð Íþróttafélagsins Sindra á Höfn í Hornafirði, 5. des. – **Forseti mætir.**
- Undirbúningsfundur vegna fundar norrænna íþróttasambanda, 7. des. í Kaupmannahöfn – **Skrifstofustjóri sækir.**

Til lengri tíma litið:

- *Vetrarólympíuleikar í Vancouver, 12.-27.febrúar 2010*
- *Ólympíumót fatlaðra í Vancouver, 12.-21.mars 2010*
- *Ólympíuleikar ungmenna í Singapore, 15.-25.ágúst 2010*
- *Vetrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar í Liberec, 12.-19.febrúar 2011*
- *Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar í Trabzon, 24.-29.júlí 2011*
- *Smáþjóðaleikar í Liechtenstein, 30.maí - 4.júní 2011*
- *Ólympíuleikar í London 27.júlí - 12.ágúst 2012*

11. Næstu fundir framkvæmdastjórnar

Næstu fundir framkvæmdastjórnar verða 17. desember nk. og 28. janúar 2010.

12. Önnur mál**Afmælisnefnd ÍSÍ**

Örn Andrésson skýrði frá því að Afmælisnefnd ÍSÍ hefði hist tvisvar. Margar tillögur væru komnar fram um hugsanlega viðburði í tengslum við 100 ára afmæli ÍSÍ.

Útbreiðslustyrkur til sérsambanda

Gjaldkeri lagði fram tillögu að útbreiðslustyrk til héraðssambanda ÍSÍ fyrir árið 2009. Útreikningur á útbreiðslustyrknum er í grundvallaratriðum sá sami og áður. Tillagan samþykkt.

Lottóskipting

Gjaldkeri lagði fram tillögu að endurskoðaðri skiptingu á lottófé til sérsambanda ÍSÍ. Tillagan samþykkt.

Gjaldkera þakkað fyrir mikla og vandaða vinnu í tengslum við ofangreinda tvo liði.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.
Halla Kjartansdóttir, fundarritari